



Menntaskólinn á Ísafirði

Skýrsla um innra mat skólaárið 2024-2025

29.sept. 2025 / Matsteymi um innra mat tók saman

1 Efnisyfirlit

1	Efnisyfirlit.....	1
2	Matssamantekt.....	2
2.1	Skólapúlsinn – haust 2024.....	2
2.2	Skólaþing – haust 2024.....	2
2.3	Áfangakönnun – vor 2025	2
2.4	Stofnun ársins – haust 2024	3
2.5	Forsjáraðilakönnun – vor 2025.....	3
2.6	Tölulegar upplýsingar	3
3	Inngangur.....	5
3.1	Innra mat Menntaskólans á Ísafirði.....	5
3.2	Innra mat skólaárið 2024-2025	5
3.3	Hlutverk, markmið og stefna	5
4	Kannanir og annað mat	7
4.1	Skólapúlsinn – haust 2024.....	7
4.2	Skólaþing – haust 2024.....	8
4.3	Áfangakönnun – vor 2025	9
4.4	Stofnun ársins – haust 2024	11
4.5	Könnun forsjáraðila – vor 2025	13
5	Tölulegar upplýsingar	14
6	Lokaorð.....	18
7	Fylgiskjöl	19
8	Heimildir	19
9	Viðauki	21

2 Matssamantekt

2.1 Skólapúlsinn – haust 2024

Markmið: Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun á netinu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: 105 svör frá 121 þátttakenda barst sem er 86,8% svarhlutfall. Vinnulag nemenda virðist hafa þróast til hins verra frá könnuninni 2015. Spjallmennanotkun er heldur meiri og tíðari en annars staðar. Þá virðist líðan nemenda í MÍ vera heldur verri en að meðaltali.

Tillögur að umbótum: Skoða þarf vinnulag nemenda, en þar hefur staðan breyst til hins verra, þar sem færri nemendur virðast undirbúa sig fyrir kennslustundir og færri reyna að læra þar til þeir skilja efnið. Þá er líðan nemenda MÍ eitthvað sem mætti skoða með forsjáraðilum í stærra samhengi.

2.2 Skólaþing – haust 2024

Markmið: Sameiginlegt markmið nemendahópa og starfsmanna var að ræða hvernig við aukum metnað í námi.

Nemendamarkmið: Hvernig aukum við virkni nemenda í félagslífi

Starfsmannamarkmið: Hvernig nálgumst við gervigreind og vinnu með hana

Aðferð: Þátttakendum skipt í hópa þar sem borðstjórar stýrðu umræðum. Kynningar í lokin á niðurstöðum hvers hóps.

Helstu niðurstöður: Nemendur þurfa að hlusta, vinna, sýna virkni og ábyrgð. Bæði nemendur og kennarar þurfa að setja skýr markmið, kennarar útskýra tilgang með námi og vinnuaðferðum, leggja áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Félagslíf almennt gott en mætti höfða til fleiri aðila. Kennarar töldu mikilvægt að fá frekari uppfræðslu og leiðbeiningar með gervigreind

Tillögur að umbótum: Leggja áherslu á ábyrgð, markmið og tilgang með námi, að markmið með verkefnum og námsaðferðir séu rædd og tilgangur með þeim útskýrður. Nemendur vinni að því að ná til fleiri samnema og að kennarar fá frekari þjálfun í markvissri notkun gervigreindar.

2.3 Áfangakönnun – vor 2025

Markmið: Að fá fram viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum MÍ.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: 647 svör bárust sem er 35,96% svarhlutfall, þar af voru 86% dagskólanemendur og 14% fjarnemar. 64% nemenda telur vinnuálag hæfilegt. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í

kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns, auk þess sem hægt er að ræða þau í starfsmannaviðtölum.

Tillögur að umbótum: Til að tryggja næst betri þátttöku í áfangakönnun þurfa allir kennarar að fá sérstaka áminningu á kennara- eða starfsmannafundi að láta nemendurna sína svara þessari könnun í kennslu hjá sér. Mögulega mætti veita verðlaun fyrir þátttöku, ef hægt er að fá ópersónugreinanlegar upplýsingar um hvort nemendur taka þátt eður ei.

2.4 Stofnun ársins – haust 2024

Markmið: Að kanna starfsanda og starfsumhverfi MÍ.

Aðferð: Rafræn könnun lögð fyrir af Gallup.

Helstu niðurstöður: MÍ fékk sérstaka viðurkenningu „Fyrirmyndastofnun“ og var í 2. sæti í sínum flokki. Þrjár lægstu einkunnir MÍ í könnuninni snúa að launakjörum, sveigjanleika og vinnuskilyrðum. Af þeim þáttum er talið að stjórnendur geti haft mest áhrif á loftgæði, lýsingu og hljóðvist.

Tillögur að umbótum: Vinna skal áfram að endurbótum á vinnuaðastöðu starfsfólks og huga þar sérstaklega að loftgæðum, lýsingu og hljóðvist.

2.5 Forsjáraðilakönnun – vor 2025

Markmið: Markmið könnunarinnar var að kanna hvernig forsjáraðilar nám og líðan barna sinna við skólann, hvernig þeir upplifi þjónustu skólans og samskipti, hvernig þeir telji upplýsingagjöf til forsjáraðila vera, þátttöku í forvarnarfræðslu skólans og væntingar þeirra til skólans.

Aðferð: Könnunin var send til forsjáraðila í tölvupósti vorið 2025 með tengli inn á könnunina sjálfa.

Helstu niðurstöður: Um 81% forsjáraðila telja að barni sínu líði vel í skólanum og 79% að barninu gangi vel í námi. Er það í samræmi við væntingar sem forsjáraðilar höfðu til skólans sem 87% aðspurðra sögðust hafa staðist. Viðbrigði vegna heimanáms komu fram og ábendingar um upplýsingagjöf frá skólanum sem 75% töldu hæfilegt en 22% frekar mikið eða of mikið.

Tillögur að umbótum: Kennarar hafi ekki of tæknilega flókin verkefni fyrir nýnema strax í upphafi haustannar og hugi að því að aðlögun að heimanámi gangi vel, m.a. með því að nýta vinnustofur í stundaskrá nemenda. Samræma þarf viðmið um hvenær tölvupóstur er sendur á forsjáraðila og hvernig sms- sendingum til þeirra er háttað innan skólans. Lagt er til að kennarar haka forsjáraðila úr tölvupósti þegar senda á almennar upplýsingar til nemenda er varða námið eingöngu.

2.6 Tölulegar upplýsingar

Markmið: Að fylgjast með brottfalli nemenda yfir skólaárið, skoða mætingu, fjarvistir og forföll og fylgjast með einkunnadreifingu.

Aðferð: Unnið úr tölulegum gögnum úr INNU

Helstu niðurstöður: Brottfall á haustönn var 6,8% og á vorönn 7,8%. Mæting nemenda í dagskóla hefur haldist á bilinu 82% - 87% síðastliðin ár og óútskýrð fjarvera verið í kringum 5% að meðaltali. Skólaárið 2024-2025 sker sig ekki úr að þessu leyti með mætingu rétt undir 83% og óútskýrða fjarveru rétt yfir 5%. Dreifing einkunnina á haust og vorönnum helst svipuð og verið hefur.

Tillögur að umbótum: Brottfallsprósenta hefur haldist undir 8% síðustu fjórar annir og lagt er til að markmið stjórnenda skólans um brottfall ætti að taka mið af þessari tölfræði.

3 Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, lðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir nemendur með fötlun er starfrækt við skólann.

Við upphaf haustannar 2024 voru alls 532 nemendur skráðir í skólann. 306 voru í fjar- og dreifnámi og 213 í dagskóla. Brottfall á haustönn var 6,8%

Við upphaf vorannar 2025 voru 606 nemendur skráðir í nám við skólann. 402 voru í fjar- og dreifnámi og 204 í dagskóla. Brottfall á vorönn var einu prósentu stigi hærra á vorönn en haustönn eða 7,8%

3.1 Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

3.2 Innra mat skólaárið 2024-2025

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2024-2025 sátu Dóróthea Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðjón Torfi Sigurðsson stærðfræðikennari og sviðsstjóri raungreina og Andrea Harðardóttir sögukennari og sviðsstjóri félags- og hugvísindasviðs.

Stefnt er að því að matsverkefni og matsspurningar tengist þeim markmiðum skólans sem snúa að kennslu og námi. Áfangakönnun varð gerð á vorönn til að kennarar gætu rýnt í eigin kennslu og fengið ábendingar frá nemendum. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur haustið 2024 til að kanna námsumhverfi, virkni þeirra í námi og líðan ásamt fleiri þáttum. Skólaþing var haldið með öllum nemendum í dagskóla og starfsfólki skólans í nóvember og niðurstöður umræðna teknar saman. Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* hafa undanfarin ár verið nýttar í skýrslu skólans um innra mat. Könnunin var að þessu sinni lögð fyrir í nóvember 2024. Á vorönn var lögð þjónustukönnun fyrir forsjáraðila skólans til að fá fram viðhorf þeirra til ýmissa þátta í skólanum. Þá voru teknar saman tölulegar upplýsingar um brottfall úr áföngum, einkunnadreifingu og viðveru nemenda bæði á haust- og vorönn.

3.3 Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra

nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni undir heitinu Samland, til að auka fjölbreytni náms við skólann. Auk þess sem gott samstarf er við fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum vegna verk- og starfsnáms. Þá er einnig samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða sérstaklega er varðar raunfærnimat og undirbúning eldri nemenda fyrir frekara nám í verk- og starfsgreinum.

Mí setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Markmiðin snúa að kjarnastarfsemi skólans og rekstri skólans. Nánar má lesa um markmiðin og leiðir að þeim í ársskýrslu skólans fyrir árið 2024 og finna má á heimasíðu skólans misa.is

4 Kannanir og annað mat

4.1 Skólapúlsinn – haust 2024

4.1.1 Markmið

Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag.

4.1.2 Aðferð við gagnaöflun

Könnun var lögð fyrir rafrænt á netinu haustið 2024. Nemendur fengu SMS og tölvupóst um að taka þátt í könnuninni. Lagðar voru fyrir spurningar í fjórum flokkum, með valkostaspurningum og opnum spurningum. Þar var spurt um námsumhverfi, virkni í námi, líðan og loks voru opnar spurningar. Matsþættir voru 31, en undir hverjum þætti voru nokkrar spurningar.

4.1.3 Niðurstöður

105 svör frá 121 þátttakanda barst sem er 86,8% svarhlutfall.

1. Námsumhverfi

Helstu frávík frá viðmiðum voru þau að viðhorf og hollusta gagnvart skólanum var 5,6% lægri í MÍ, en hafði þó hækkað um 12,3% frá fyrri könnun (2015). Þá var spjallmennisnotkun meiri (11,8%) og tíðari en viðmiðið.

2. Virkni í námi

Svör í þessum flokki voru svipuð og viðmiðin eru, en þó var námsáhugi og vinnulag metið lægra. Vinnulag fékk talsvert lægri einkunn en í fyrri könnun (2015). Þá voru tómstundir og æfingar 1,7 klst. færri en í viðmiðunarhópum.

3. Líðan

Margt í þessum flokki var áþekkt viðmiðunarhópum, en þó var hamingja 7,7% lægri, kvíði 10,6% hærri, einelti 8,5% tíðara og áreitni og ofbeldi 9,3% tíðara. Það er þó greinilegt að þróunin frá fyrri könnun er sambærileg við aðra skóla og munurinn ekki breyst mikið milli MÍ og viðmiðunarhópa.

4. Opin svör

Mjög svo margvísleg svör voru gefin og erfitt að draga saman einhverja einsleita niðurstöðu.

4.1.4 Tillögur um umbætur

Skoða þarf vinnulag nemenda, en þar hefur staðan breyst til hins verra, þar sem færri nemendur virðast undirbúa sig fyrir kennslustundir og færri reyna að læra þar til þeir skilja efnið.

Þá er líðan nemenda MÍ eitthvað sem mætti skoða með forsjáraðilum í stærra samhengi.

4.2 Skólaþing – haust 2024

4.2.1 Markmið

Sameiginlegt markmið nemendahópa og starfsmanna var að ræða hvernig við aukum metnað í námi.

Nemendamarkmið: Hvernig aukum við virkni nemenda í félagslífi

Starfsmannamarkmið: Hvernig nálgumst við gervigreind og vinnu með hana

4.2.2 Aðferð við gagnaöflun

Nemendur var raðað á borð eftir ákveðnu kerfi og voru borðstjórar úr hópi nemenda valdir til að leiða umræður við hvert borð. Sama aðferð var viðhöfð við uppröðun starfsmanna á borð. Nemendur voru sér og starfsmenn sér.

Umræður áttu sér stað í þremur lotum, í hverri lotu fengu hóparnir 20 mínútur til að svara spurningu ákveðnum spurningum og skrá niður svör. Síðan tóku allir hópar þátt í 10 mín kynningu á helstu niðurstöðum hvers hóps áður en næsta spurning var lögð fyrir.

4.2.3 Niðurstöður

Nemendur töldu að í metnaði fælist að hlusta, leggja sig fram, nýta þá hjálp sem til boða stæði, sýna virki og gera meira en einungis það nauðsynlegasta. Til að auka metnað yrðu markmið og væntingar að vera skýr, verkefni að vera áhugaverð og fjölbreytt, auk þess sem leggja þyrfti áherslu á seiglu og aga í kennslustundum. Í kennslustundum væri mikilvægt að vinna saman, forðast truflanir af ýmsum toga, sýna tillitssemi og virðingu. Kennarar ættu að rökstyðja kennsluaðferðir og tilgang verkefna, beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og leita álits hjá nemendum varðandi nálgun á námsefni.

Hvað varðar félagslífið, þá töldu nemendur það almennt gott en auka þyrfti fjölbreytileikann svo að hægt væri að höfðu til fleiri nemenda.

Starfsfólk taldi að í metnaði fælist ástríða, til að auka metnað meðal nemenda þyrftu kröfur að vera skýrar, mikilvægt væri að sýna gott fordæmi og fagleg vinnubrögð. Líkt og nemendur er forsenda fyrir metnaði fjölbreyttar kennsluaðferðir, skýr markmið og gagnkvæmt tillitssemi og virðing. Tengja námsefni inn á áhugasvið nemenda og virkja meira innri hvata til náms.

Hvernig eiga kennarar að nálgast gervigreind? Mikilvægt að fá frekari skýringar á möguleikum gervigreindarinnar.

4.2.4 Tillögur um umbætur

Þjálfar nemendur í skipulagningu og leggja áherslu á að þeir nýti þá aðstoð sem er í boði.

Skapa þægilegt námsumhverfi og auka þátt nemenda í mótun kennslustunda. Setja fram skýrar kröfur, útskýra tilgang og markmið með verkefnum og vinnuaðferðum og sýna gott fordæmi.

4.3 Áfangakönnun – vor 2025

4.3.1 Markmið

Markmið þessarar könnunar var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ. Auk þess vill skólastjórn nota þessar kennslukannanir í starfsmannaviðtölum seinna á vorönn 2025.

4.3.2 Aðferð við gagnaöflun


Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi. Hún var aðgengileg nemendum skólans 10. til 16 mars 2025. Þá fengu fjarnemar sérstakan spurningalista til að skoða hversu miklum tíma þeir verja í verkefnavinnu og lestur námsefnis, sem og hvernig þeir nýta endurgjöf. Allir nemendur fengu tölvupóst um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

4.3.3 Niðurstöður


Meginkönnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans og átti hver nemandi að svara fyrir alla þá áfanga sem viðkomandi var skráður í. Samtals var könnunin því lögð fyrir 1799 sinnum og fengust 647 svör, eða 36% þátttaka. Af þeim sem svöruðu voru 86% dagskólanemar og 14% fjarnemar (svör voru 691 og svarhlutfall því 107% þar sem í einhverjum áföngum voru fleiri en einn kennari).

Fjarnemahlutinn var lagður fyrir í 262 áföngum og fengust 47 svör eða 17,9%.


Fjarnemar verja flestir 1-3 klst. á viku í skilaverkefni, en þó er stór hluti sem ver meiri tíma í skilaverkefni (32% í 3-5 klst. og 26% í 5 klst. eða meira).



Það er áberandi munur á tíma sem fer í lestur námsefnis, en þar verja um 49% fjarnema 1-3 klst. á viku í lesturinn.



45% fjarnema nýta sér alltaf endurgjöf frá kennara, og einungis 4% þeirra nýta aldrei endurgjöf.



Opin svör fjarnema voru almennt jákvæð, en einnig voru nokkrar gagnlegar ábendingar um aukna endurgjöf og fleira.

Í meginkönnuninni telja tæplega tveir þriðju vinnuálag hæfilegt og um fjórðungur telur það mikið eða mjög mikið. Er þetta á svipuðum nótum og undanfarin ár.



Í opnum svörum nemenda í meginkönnuninni virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna en þó voru margvíslegar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Til dæmis um endurgjöf á verkefnum eða prófum, hraða yfirferðar og fleira. Svörin voru einstaklingsbundin, svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

4.3.4 Tillögur um umbætur

Þátttökan í einhverjum áföngum að svara þessari könnun var ekki nógu góð. Auk hvatningarpósta mætti ítreka við næstu áfangakönnun á kennara- eða starfsmannafundi að kennarar láta nemendur sína svara áfangakönnun í kennslu. Mögulega mætti veita verðlaun fyrir þátttöku, ef hægt er að fá ópersónugreinanlegar upplýsingar um hvort nemendur taka þátt eður ei.

4.4 Stofnun ársins – haust 2024

4.4.1 Markmið

Stofnun ársins er viðamikil starfsumhverfiskönnun og er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra stofnana.

Tilgangur hennar er að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðu mála, þ.e. styrkleika og áskoranir í starfsumhverfinu sem nýta má til umbótastarfs á vinnustaðnum. Gallup á Íslandi sér alfarið um vinnslu og framkvæmd könnunarinnar, þ.e. gagnaöflun, varðveislu gagna og skýrslugerð.

Könnunin veitir stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og gerir stjórnendum þannig kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi og stjórnun. Könnunin um Stofnun ársins gefur einnig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum. *(Könnun Stofnun ársins 2024 er hafin. Gallup)*

4.4.2 Aðferð við gagnaöflun

Starfsfólk í a.m.k. 20% starfi sem hefur starfað við MÍ í þrjá mánuði eða lengur þegar könnunin var lögð fyrir var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsfólkið fékk tölvupóst frá Gallup í byrjun nóvember 2024 með tengli á rafræna könnun. Könnunin var svo opin 6. desember 2024.

4.4.3 Niðurstöður

Í flokki meðalstórra ríkisstofnana (40 til 89 starfsmenn) var Menntaskólinn á Ísafirði í þetta skipti í öðru sæti eins og árið á undan en einkunn skólans hafði hækkað milli ára úr 4,48 í 4,57. Þá hafði MÍ farið úr 13. sæti allra ríkisstofnana upp í 7. sætið. Þetta er í þriðja skiptið í röð sem MÍ fær sérstaka viðurkenningu; MÍ var „Hástökkvari ársins“ í könnun um Stofnun ársins 2022 og í öðru sæti meðalstórra stofnana árið áður eins og fram hefur komið.

Alls svöruðu 38 af 40 starfsmönnum MÍ könnuninni um stofnun ársins 2024.

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknir saman þættir sem eru metnir í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

Þáttur	Einkunn MÍ¹ (breyting frá 2022)	Stofnanir í sama flokki (framhalds- og háskólar)²	Allar stofnanir³
Stjórnun	4,79 (+0,05)	4,20	4,18
Starfsandi	4,75 (+0,08)	4,37	4,34
Launakjör	3,59 (-0,30)	3,08	3,05
Vinnuskilyrði	4,40 (+0,23)	4,03	3,96
Sveigjanleiki vinnu	4,27 (-0,01)	4,07	4,28
Ímynd stofnunar	4,67 (+0,16)	4,23	3,92
Sjálfstæði í starfi	4,61 (+0,16)	4,42	4,26
Ánægja og stolt	4,74 (+0,10)	4,40	4,30
Jafnrétti	4,77 (+0,12)	4,41	4,33
Heildarmat	4,57 (+0,08)	4,18	4,11

Tafla: Meðaleinkunn MÍ á þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.

4.4.4 Tillögur um umbætur

Í niðurstöðunum kemur fram að þrjár lægstu einkunnirnar snúast um launakjör, sveigjanleika vinnu og vinnuskilyrði. Launakjör og sveigjanleiki til vinnu eru einmitt þeir þættir sem ætla má að stjórnendur framhaldsskóla geti haft minnst áhrif á af þeim níu þáttum sem teknir eru til skoðunar í könnuninni. Launakjör ráðast af mestu af kjarasamningum og sveigjanleiki er takmarkaður m.t.t. skólaársins og starfsáætlun skólans sem fylgja þarf reglugerð um starfstíma framhaldsskóla. (*Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla 260/2017*. Mennta- og barnamálaráðuneytið).

Einkunnin fyrir vinnuskilyrði er reiknuð út frá 7 undirþáttum og þó þessi einkunn sé sú þriðja lægsta eykst ánægja starfsfólks í öllum undirþáttum. Samkvæmt niðurstöðunum er starfsfólk minnst ánægt með loftgæði, lýsingu og hljóðvist. Ánægja með alla þætti eykst þó frá árinu 2023. Lagt er til að stjórnendur haldi áfram að vinna að endurbótum á vinnurýmum starfsfólks m.t.t. þessara þátta.

¹ Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2024 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 5 (*Helstu niðurstöður – þættir*); Gallup

² Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2024 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 4 (*Helstu niðurstöður – Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki*); Gallup

³ Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2024 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 4 (*Helstu niðurstöður – Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki*); Gallup

4.5 Könnun forsjáráðila – vor 2025

4.5.1 Markmið

Markmið könnunarinnar var að kanna hvernig forsjáráðilar nám og líðan barna sinna við skólann, hvernig þeir upplifi þjónustu skólans og samskipti, hvernig þeir telji upplýsingagjöf til forsjáráðila vera, þátttöku í forvarnarfræðslu skólans og væntingar þeirra til skólans.

4.5.2 Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var send til forsjáráðila í tölvupósti vorið 2025 með tengli inn á könnunina sjálfa. Spurningar voru flestar í tveimur liðum, í a-lið var boðið upp á stöðluð svör með fyrir fram gefnum svarmöguleikum. Í b-lið spurninga gafst svarendum kostur á að skýra svör sín frekar og koma með ábendingar. Þátttakendur í könnuninni voru 81 en svör við b-lið spurninga voru á bilinu 8-16.

4.5.3 Niðurstöður

Samkvæmt könnuninni líður nemendum almennt vel í skólanum eða um 81% nemenda og töldu forsjáráðilar að börnum þeirra gengi almennt vel í skólanum eða um 79%. Í þessum hluta komu m.a. fram hugleiðingar um viðbrigði vegna heimanáms, verkefnaskil og vangaveltur um nægan undirbúning.

Spurt var um vinnuálag og töldu tæplega 77% það hæfilega mikið. Hvað varðar fjölda klukkustunda sem barn ver í heimanám töldu 42% það vera um 1-5 klukkustundir á viku, 21% nefndi 6-10 klukkustundir en 3% meira en 11 klukkustundir. Um 27% sögðust ekki vita hversu miklum tíma barn ver í heimanám.

Spurt var um þjónustu og samskipti við skólann. Tæplega 50% segjast hafa haft samband við ritara, um 38% við náms- og starfsráðgjafa, 23,5% við stjórnendur en innan við 13% við kennara, umsjónarkennara eða annað starfsfólk. Almennt voru svarendur ánægðir með samskiptin. Um 84% svarenda sögðu vera ánægðir með þjónustu skólans. Jafnframt var spurt um þjónustu mótuneytis og sögðust rúmlega 60% ánægð með þá þjónustu. Rúmlega 80% svarenda sögðu börn sína eiga í frekar góðum eða mjög góðum samskiptum við kennara.

Hvað varðar upplýsingaflæði frá skólanum töldu 75% það hæfilegt en 22% frekar mikið eða of mikið. Um 86% forsjáráðila töldu lotumat tvisvar á önn gefa skýra mynd af stöðu barnsins. Um 69% sögðust skoða INNU reglulega, 26% sjaldan og um 5% aldrei. Um 52% sögðust skoða Moodle en 45% aldrei.

Forsjáráðilar voru spurðir hvort þeir vissu að starfandi væri foreldraráð í skólanum. Um 91% vissu af því. 52% sögðust hafa sótt fræðsluerindi fyrir forsjáráðila á vegum skólans á skólaárinu og 80% sögðust sáttnir við þá forvarnarfræðslu sem skólinn biði nemendum.

Væntingar forsjáráðila til skólans snerust um að börnum þeirra liði vel, að þau fengju stuðning og námsaðstoð, öðluðust virðingu fyrir sjálfum sér og að námið vekti áhuga, metnað og ábyrgð. Af þeim 75 sem svöruðu síðustu spurningunni sögðu um 87% að skólinn hefði staðið mjög vel eða nokkuð vel undir væntingum.

4.5.4 Tillögur um umbætur

Þegar kemur að líðan barna í skólanum kemur fram örlítið misræmi á milli upplifunar forsjáraðila og svara nemenda í könnun Skólapúlsins. Um 81% forsjáraðila nefna að barninu líði vel en 65% nemenda segjast vera hamingjusamir. Vert er að skoða þennan mismun betur og kanna hugsanlegar ástæður.

Hvað varðar vangaveltur forsjáraðila um viðbrigði vegna heimanáms og verkefnaskila er ástæða til að ræða við kennara um að hafa ekki flókin, tæknileg verkefni í upphafi annar fyrir nýnema, á meðan að þeir eru að venjast nýjum aðstæðum. Með því móti gengur e.t.v. betur að aðlagja þá nýjum áherslum í heimanámi og verkefnaskilum. Einnig að leggja áherslu á hlutverk vinnustofa í stundaskrá nemenda og mikilvægi þess að nýta þær til að fá aðstoð við námið.

Samræma má viðmið um hvenær póstur er sendur á forsjáraðila og hvenær er við hæfi að senda sms. Einnig leggja til við kennara að taka forsjáraðila út af póstlista þegar senda á almennar upplýsingar til nemenda er varða námið eingöngu.

5 Tölulegar upplýsingar

5.1.1 Markmið

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Í stefnu skólans hefur verið lögð áhersla á að minnka brottfall og er viðmiðið fyrir 2024-2026 að það haldist undir 8%. Unnið hefur verið með ýmsar sértækar aðgerðir til að sporna við brottfalli og námsráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur verið markvisst aukin. Reynt er að ná til þeirra nemenda sem taldir eru í mestri hættu á að hverfa frá námi eða ná ekki að ljúka þeim einingum sem þau eru skráð í.

Aðferð við gagnaöflun

Upplýsingar um brottfall eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU en þar er hægt að kalla fram fjölda eininga sem nemendur eru skráðir í við upphaf hvorrar annar og þann einingafjölda sem lokið er. Út frá þeim gögnum er brottfallsprósenta reiknuð fyrir hverja önn. Upplýsingar um viðveru nemenda eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU. Skoðuð er viðvera nemenda í dagskóla.


5.1.2 Niðurstöður

Brottfall

Brottfallið haustið 2024 var 6,8% og 7,8% vorið 2025. Þetta er nokkuð sambærilegt brottfall og var skólaárið 2023-2024 en síðustu 4 annir hefur brottfall haldist undir 8%. Í töflu 3 og á mynd 4 má sjá tölur um brottfall í Mí s.l. 5 ár frá vorönn 2020 til vorannar 2025.

Önn	V20	H20	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24	H24	V25
Brottfall (%)	7,6%	7,8%	6,9%	8,0%	12,0%	9,0%	12,0%	7,4%	7,5%	6,8%	7,8%

Tafla 3: Brottfallsprósenta frá 2020.




Mynd 4. Brottfall nemenda í MÍ frá vorönn 2022 til vorannar 2024

Mæting

Fylgst er með mætingum og fjarveru dagskólanema yfir skólaárið. Frá vorönn 2020 er unnið samkvæmt ákveðnu verklagi um viðbrögð og eftirfylgni með mætingum jafnt og þétt yfir hverja önn. Nemendur fá viðvaranir ef mætingin nálgast eða er komin undir 85% viðmið og er þá átt við mætingu að teknu tilliti til veikinda og leyfa. Frá vorönn 2022 hefur verið tekin upp það vinnulag að sé nemandi kominn niður fyrir 85% mætingu á önn þá fær hann tilkynningu um fall í áfanganum. Nánar má lesa um eftirfylgni við mætingar nemenda í [verklagsreglu – VER-0058 í gæðahandbók skólans](#). Í töflu 4 og á mynd 5 má sjá hlutfallslega skiptingu mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista frá vori 2023. Mæting hefur haldist á bilinu 82% - 87% og óútskýrð fjarvera verið í kringum 5% að meðaltali. Skólaárið 2024-2025 sker sig ekki úr að þessu leyti með mætingu rétt undur 83% og óútskýrða fjarveru rétt yfir 5%.

	Vor 2023	Haust 2023	Vor 2024	Haust 2024	Vor 2025
Mæting	83,0%	84,9%	81,8%	86,8%	82,8%
Of seint	1,6%	1,5%	1,3%	1,6%	1,7%
Veikindi	5,2%	4,4%	6,8%	5,1%	6,7%
Leyfi	3,9%	4,3%	4,8%	2,7%	3,6%
Óútskýrð fjarvera	6,3%	4,8%	5,2%	3,9%	5,1%


Tafla 4: Viðveruskráning nemenda síðustu fimm annir.




Mynd 5. Viðveruskráning nemenda frá vorönn 2023 til vorannar 2025

Námsárangur


Á árunum 2008-2018 var einkunnadreifing skoðuð með reglubundnum hætti og fjallað um niðurstöður í skýrslu um innra mat. Aftur var farið að skoða einkunnadreifingu með reglubundnum hætti frá haustönn 2020. Hér er skoðuð einkunnadreifing fyrir haustönn 2024 og vorönn 2025 og sjá má dreifinguna á mynd 6 og 7 hér fyrir neðan. Dreifing einkunna á þessum önnum líkist hefðbundinni hliðraðri normalkúrfu og á mynd 8 má sjá að ekki eru miklar breytingar á einkunnadreifingu milli anna frá hausti 2022. Fylgst er með námsgengi nemenda með lotumati tvisvar á önn og með lokamati í lok hverrar annar. Frá vorönn 2020 er fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati sem lýst er í [verklagsreglu VER-0058](#) og er útgefið í gæðahandbók skólans.



Mynd 6. Einkunnadreifing á haustönn 2024.



Mynd 7. Einkunnadreifing á vorönn 2025.



Mynd 8. Einkunnadreifing frá hausti 2022.

5.1.3 Tillögur um umbætur

Brottfallsprósenta í MÍ hefur undanfarin misseri haldist nokkuð stöðug í kringum 8% ef frá eru taldar vorannirnar 2022 og 2023. Lagt er til við stjórnendur MÍ að markmið um brottfall ætti að miða við þessi gögn en raunhæft má telja að brotthvarf geti haldist áfram um 8% .

Matsteymi um innra mat leggur áherslu á að áfram verði unnið út frá verklagi um eftirfylgni við mætingar nemenda í dagskóla sem samþykkt var á vorönn 2020 og endurbætt á vorönn 2022. Niðurstöður einkunnadreifingar á haustönn og vorönn eru birtar hér í skýrslunni. Ekki er mikill munur á einkunnum eftir önnum og skoðun á eldri gögnum sýna ekki miklar breytingar. Áfram verður fylgst með einkunnum nemenda sem hluta af innra mati. Matsteymi um innra mat leggur auk þess á það áherslu að áfram verði fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati.

6 Lokaorð

Vinna matsteymis á skólaárinu 2024-2025 var unnin samkvæmt vinnulagi sem kemur fram í gæðaskjöllum sem tengjast innra mati skólans og voru gefin út í nóvember 2022 og endurútgefin í maí 2025. Áætlun um innra mat næstu fjögurra ára hefur verið sett fram.

Skýrsla þessi var, ásamt ýmsum gögnum sem gæðaráð, undir forystu gæðastjóra, lagði fram, lögð til grundvallar í rýni stjórnenda í september 2025. Með því formlega ferli er kominn vettvangur til að huga að þeim umbótum sem lagðar eru fram sem tillögur um hér á eftir.

Tillögur að umbótum	Rökstuðningur (t.d. vísun í niðurstöður viðkomandi matsverkefnis)
Efla og bæta vinnulag nemenda.	Samkvæmt gögnum skólupúlsins virðast færri nemendur virðast undirbúa sig fyrir kennslustundir og færri reyna að læra þar til þeir skilja efnið. Í forsjáraðilakönnun komu fram hugleiðingar um viðbrigði vegna heimanáms og verkefnaskila sem og vangaveltur um nægan undirbúning.
Kanna líðan nemenda MÍ áfram með skólupúlsinum og kynna niðurstöður skólupúls og forsjáraðilakönnun fyrir forsjáraðilum.	Líðan nemenda MÍ eitthvað sem mætti skoða með forsjáraðilum í stærra samhengi. Þegar kemur að líðan barna í skólanum kemur fram örlítið misræmi á milli upplifunar forsjáraðila og svara nemenda í könnun Skólupúlsins. Um 81% forsjáraðila nefna að barninu líði vel en 65% nemenda segjast vera hamingjusamir. Vert er að skoða þennan mismun betur og kanna hugsanlegar ástæður.
Matsteymi um innra mat hugi að tímasetningu á fyrirlögn áfangakönnunnar þ.a. að þátttaka í dagskóla megi verða sem mest. Stjórnendur og persónuverndarfulltrúi skoði hvort hægt sé að draga út þátttakenda úr hópi þátttakenda og veita þátttökuverðlaun.	Svarhlutfall í áfangakönnun vorið 2025 var 36%. Svarhlutfall í könnun sem lögð var fyrir fjarnema eingöngu var 18%.
Vinna skal áfram að endurbótum á vinnuaðastöðu starfsfólks og huga þar sérstaklega að loftgæðum, lýsingu og hljóðvist.	Niðurstöður úr stofnun ársins sýna að þetta eru þeir þættir sem starfsfólk er minnst ánægt með og talið er að stjórnendur geti haft mest áhrif á.
Kennarar hafi ekki of tæknilega flókin verkefni fyrir nýnema strax í upphafi haustannar og hugi að því að aðlögun að heimanámi gangi vel, m.a. með því að nýta vinnustofur í stundaskrá nemenda. Stjórnendur og kennarar samræmi viðmið um hvenær tölvupóstur er sendur á forsjáraðila og hvernig sms- sendingum til þeirra er háttað innan skólans.	Í forsjáraðilakönnun kemur fram hvað varðar upplýsingaflæði frá skólanum töldu 75% það hæfilegt en 22% frekar mikið eða of mikið. Í forsjáraðilakönnun komu einnig fram hugleiðingar um viðbrigði vegna heimanáms og verkefnaskila sem og vangaveltur um nægan undirbúning.

Lagt er til að kennarar haki forsjáraðila úr tölvupósti þegar sendar eru almennar upplýsingar til nemenda er varða námið eingöngu.	
Stjórnendur skólans taki mið af gögnum um brottfall síðustu ára við markmiðasetningu í ársáætlun skólans.	Samkvæmt tölulegum gögnum úr INNU hefur brottfallsprósenta hefur haldist rétt undir 8% síðustu fjórar annir.

7 Fylgiskjöl

[Forsjáraðilakönnun - Niðurstöður - Öll svör - V2025.xlsx](#)

[Forsjáraðilakönnun - Niðurstöður - Samantekt - Vor 2025.pdf](#)

[Skólapúlsinn MÍ - Niðurstöður - H2024.pdf](#)

[Skólafundur MÍ - Niðurstöður af veggspjöldum - H2024.xlsx](#)

[Stofnun ársins MÍ - Niðurstöður - 2024.pptx](#)

[Áfangakönnun - Niðurstöður - Öll svör - V2025.xlsx](#)

[Áfangakönnun - Niðurstöður - Samantekt - V2025.pdf](#)

8 Heimildir

- *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 – almennur hluti.* Stjórnarráð Íslands. (https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola_2_utg_breyt_2015_.pdf)
- *Stofnun ársins 202 – Menntaskólinn á Ísafirði.* Gallup, Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- *Hástökkvari ársins í Stofnun ársins.* Menntaskólinn á Ísafirði. (https://misa.is/frettir/Hastokkvari_arsins_i_Stofnun_arsins/), sótt 26. febrúar 2024
- *Könnunin Stofnun ársins 2024 er hafin.* Gallup (<https://www.gallup.is/fyrirtaeki-og-stofnun-arsins/>), sótt 26. september 2025
- *Menntaskólinn á Ísafirði í 2. sæti sem stofnun ársins.* Bæjarins Besta, 16. febrúar 2024 (<https://www.bb.is/2024/02/menntaskolinn-a-isafirdi-i-2-saeti-sem-stofnun-arsins/>), sótt 26. febrúar 2024
- *MÍ í 2. sæti meðalstórra stofnana í Stofnun ársins 2023.* Menntaskólinn á Ísafirði (https://misa.is/frettir/MI_i_2_saeti_medalstorra_stofnana_i_Stofnun_arsins_2023/), sótt 26. febrúar 2024
- *Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla 260/2017.* Mennta og barnamálaráðuneytið. ([260/2017 – Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla.](#))
- *Stofnun ársins 2023.* Sameyki. (<https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2023-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202023.pdf>), sótt 26. febrúar 2024

9 Viðauki

Skólapúlsinn, námsþættir. Námsþættir voru eftirfarandi:

1. Námsumhverfi

- 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum (hækkun um 12,3%, en 5,6% undir viðmiði – ekki marktækur munur)
- 1.2. Samsömun við nemendahópinn
- 1.3. Stuðningur kennara við nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)
- 1.7. Jafnrétti í skólanum
- 1.8. Hlutfall sem hafa notað spjallmennni (11,8% yfir viðmiði – ekki marktækur munur)
- 1.9. Tíðni spjallmennisnotkunar sl. 30 daga (

2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Vinnulag í námi
- 2.3. Ástæður fyrir fjarveru
- 2.4. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku
- 2.5. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn
- 2.6. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám
- 2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna
- 2.8. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómsundir og æfingar

3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi
- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svefnleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

4. Opin svör

- 4.1. Mat á líðan
- 4.2. Kennslumat
- 4.3. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu því hvað þér þykir slæmt við skólann þinn